



ÚTGEFANDALÝSING

24. maí 2022

Umsjónaraðili með gerð lýsingar

Íslandsbanki hf.



Efnisyfirlit

1.	Áhættuþættir	2
1.1.	EFNAHAGSADSTÆÐUR OG PRÓUN	3
1.1.1.	<i>Stjórn málaumhverfi</i>	3
1.1.2.	<i>Fiskveiðistjórn og veiðigjöld</i>	3
1.1.3.	<i>Áhætta tengd efnahagsumhverfi.</i>	4
1.1.4.	<i>Kjarasamningar</i>	5
1.2.	LÁNSÁHÆTTA	5
1.3.	FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA	5
1.3.1.	<i>Lausafjárahætta</i>	5
1.3.2.	<i>Markaðsáhætta</i>	6
1.3.3.	<i>Fjárhagsleg skilyrði skuldabréfaflokksins</i>	6
1.4.	REKSTRARÁHÆTTA	6
1.4.1.	<i>Fiskimið</i>	6
1.4.2.	<i>Veiði og vinnsla</i>	7
1.4.3.	<i>Samkeppni og aðgengi að mörkuðum</i>	7
1.4.4.	<i>Samningsáhætta og mikilvægir samningar</i>	7
1.4.5.	<i>Umhverfisáhætta</i>	8
1.4.6.	<i>Breytingar á eftirspurn og afurðarveiði</i>	8
1.4.7.	<i>Oliuverðsáhætta</i>	8
1.4.8.	<i>Lykilstarfsfólk</i>	8
1.4.9.	<i>Orðsporsáhætta</i>	8
1.4.10.	<i>Skipastóll</i>	9
1.4.11.	<i>Fasteignir</i>	9
1.4.12.	<i>Vátryggingar</i>	9
1.5.	LAGALEG ÁHÆTTA	9
1.5.1.	<i>Verðbréfalöggjöf</i>	9
1.5.2.	<i>Gildandi lög, reglugerðir og leyfi</i>	10
1.5.3.	<i>Skattar</i>	10
1.5.4.	<i>Málaferli og ágreiningsmál</i>	11
2.	Upplýsingar um útgefandann	12
2.1.	ÚTGEFANDI	12
2.2.	TILGANGUR FÉLAGSINS OG HLUTAFÉ	12
2.3.	HLUTHAFAR	12
2.4.	FJÁRHAGSDAGATAL	13
2.5.	STARFSEMI ÚTGEFANDA	13
2.5.1.	<i>Ágrip af sögu</i>	13
2.5.2.	<i>Skipulag samstæðunnar</i>	14
2.6.	STJÓRN OG STJÓRNENDUR ÚTGEFANDA	14
2.6.1.	<i>Stjórn</i>	14
2.6.2.	<i>Stjórnendur útgefanda</i>	16
2.7.	HUGSANLEGIR HAGSMUNAAÁREKSTRAR	18
3.	Aðrar upplýsingar	19
3.1.	FJÁRHAGS- OG VIÐSKIPTASTAÐA ÚTGEFANDA	19
3.2.	TILTÆK SKJÖL	19
3.2.1.	<i>Skjöl felld inn með tilvísun</i>	19
3.2.2.	<i>Skjöl til sýnis</i>	19
4.	Tilkynning til fjárfesta	21
4.1.	UMSIÓNARADILI ÚTGÁFUNNAR OG TÖKU SKULDABRÉFANNA TIL VIÐSKIPTA	21
4.2.	ENDURSKOÐENDUR ÚTGEFANDA	21
4.3.	UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA	22
4.4.	STAÐFESTING AF HÁLFU FJÁRMÁLAÆFTIRLITS SEÐLABANKA ÍSLANDS	22
4.5.	YFIRLÝSING ÁBYRGÐARADILA ÚTGEFENDALÝSINGAR FYRIR HÖND ÚTGEFANDA	23

1. Áhættuþættir

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Brim hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, 101 Reykjavík (ýmist nefnt „Brim“, „Útgefandinn“, „félagið“ og „samstæðan“ í útgefandalýsingu þessari) er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um félagið og þá atvinnugrein sem það starfar innan og gætu þar af leiðandi haft áhrif á virði verðbréfa útgefnum af félaginu.

Samkvæmt bestu vitund inniheldur kafli 1 Áhættuþættir í útgefandalýsingu þessari tæmandi lýsingu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfaflokkum útgefnum af Brimi, við útgáfu á þessari útgefandalýsingu (ýmist nefnt „skuldabréfin“ „skuldabréfaflokkurinn“ eða „flokkurinn“).

Þessi lýsing Brims sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettar 24. maí 2022, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins BRIM 221026 GB til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“).

Áhættuþættirnir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Þannig er leitast við að telja upp alvarlegustu áhættuþættina. Brim getur ekki metið líkur þess að tilteknir áhættuþættir, sem hér er fjallað um, muni hafa áhrif á starfsemi félagsins en áhættuþáttunum er raðað í mikilvægisröð, m.a. út frá líkunum að þeir raungerist. Sá möguleiki er ennfremur fyrir hendi að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast miðað við núverandi upplýsingar ekki til áhættu.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir raungerist en í neðangreindri umfjöllun setur félagið fram líkindaröð samkvæmt bestu vitund. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

Félagið á sér langa sögu á verðbréfamarkaði á Íslandi sem fjárfestar eru hvattir til að skoða til að kynnast félaginu og áhættuþáttum þess. Forveri Brims, Grandi hf., var tekið til viðskipta á Hlutabréfamarkaðnum hf., í nóvember 1989. Í júní 2006 óskaði síðan félagið eftir afskráningu hlutabréfa félagsins af aðallista Kauphallarinnar (við útgáfu þessarar lýsingar þekkt sem Nasdaq Iceland) en samhliða þeirri afskráningu voru bréfin tekin til viðskipta á iSEC markaðstorgi Kauphallarinnar (við útgáfu þessarar lýsingar þekkt sem Nasdaq First North). Hlutabréf og aðrir fjármálagerningar útgefnir af félaginu hafa síðan verið í viðskiptum á skipulegum markaði Nasdaq Iceland frá árinu 2014. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að kynna sér allt opinberlega birt efni frá útgefanda.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum útgefnum af Brimi er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og viðeigandi verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettar 24. maí 2022.

Utan þeirra þátta sem getið er í útgefandalýsingu þessari er félaginu samkvæmt bestu vitund ekki kunnugt um neina stjórnvaldslega, efnahagslega, skattalega eða peningalega stefnu né óvissuþætti, kröfur eða skuldbindingar sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur Brims.

Megináhættu- og óvissuþættir sem Brim stendur frammi fyrir felast í lokun markaða fyrir afurðir félagsins, ofveiði og breyttu göngumynstri fiskistofna. Allt getur þetta haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Félagið leitast við að lágmarka þessa áhættu með fjölbreytni í rekstri og vali á mörkuðum. Brim er líkt og önnur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki háð þeirri áhættu að stjórnvöld breyti lögum og reglum með þeim hætti að starfsemi félagsins verði óhagkvæmari en ella.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með reglulegu samráði og verklagsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti, þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Stjórn Brims hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

1.1. Efnahagsaðstæður og þróun

1.1.1. Stjórn mála umhverfi

Þróun stjórn mála á Íslandi eða einstakir pólitískir atburðir, geta haft bein eða óbein áhrif á ákvarðanir stjórnvalda sem síðan geta skapað óvissu og áhættu fyrir starfsemi Brims. Enn fremur lýtur félagið fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórn mála umhverfinu á hverjum tíma, nánar er fjallað um regluverkið í kafla 1.5.2 *Gildandi lög, reglugerðir og leyfi* í útgefendalýsingu þessari. Þar ber hæst ákvarðanir stjórnvalda varðandi skipulag og uppbyggingu fiskveiðistjórnunarkerfisins, veiðigjöld, tollar og skattar. Þá geta mögulegar breytingar á 72. Gr. Auðlindarákvæði Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944,¹, verið félaginu óhagfelldar og skapað óvissu í kringum íslenskan sjávarútveg.

Ekki er útilokað að stjórnvöld taki ákvarðanir sem verða til þess að fleiri félög í sjávarútvegi hugi að uppbyggingu á sérstökum svæðum á Íslandi eða erlendis og breyti þar með landslaginu í greininni. Þá geta stjórnvöld sett sérstakar takmarkanir á einstök lönd þar sem félagið á í viðskiptum. Að lokum bera að nefna að ákvarðanir stjórnvalda, íslenskra eða erlendra, er varða samninga um stjórnun veiða og skiptingu kvóta við veiðar úr alþjóðlegum fiskistofnum (deili- og flökkustofnum) eins og kveðið er á um í kafla 1.1.2 *Fiskveiðistjórn og veiðigjöld* í útgefendalýsingu þessari hafa áhrif á félagið.

Breytingar á framangreindum ákvörðunum stjórnvalda geta breytt miklu í rekstri félagsins og það er ekki á færi félagsins að draga úr eða stýra þeirri áhættu sem breytingar á þeim geta haft í för með sér fyrir félagið. Hið sama gildir um ákvarðanir erlendra stjórnvalda gagnvart íslenskum fyrirtækjum, til dæmis almennt Innflutningabann á fiskafurðum frá Íslandi, eða bann á innflutningi fiskafurða frá einstökum íslenskum fyrirtækjum.

1.1.2. Fiskveiðistjórn og veiðigjöld

Stjórnvöld setja lög og reglugerðir um stjórn fiskveiða sem ætlað er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskistofna. Slíkar stjórnvaldsaðgerðir kunna að leiða til breytinga á úthlutun aflaheimilda bæði til aukningar og minnkunar – og þar með hugsanlega einnig að aðgengi og verði slíkra heimilda, en slíkar stjórnvaldsaðgerðir eru ein af grunnforsendum fyrir rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Meiriháttar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða fela í sér óvissu og áhættu fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.

Markmið íslenskra stjórnvalda með stjórn fiskveiða er samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Við stjórnun veiða íslenskra skipa er ýmsum aðferðum beitt. Þar má nefna úthlutun veiðileyfa og aflaheimilda, reglur um gerð og útbúnað veiðarfæra og lokanir veiðisvæða. Allar fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar leyfi frá Fiskistofu.

Samkvæmt lögum um veiðigjald nr. 145/2018 leggur Fiskistofa á veiðigjald og renna tekjur af því í ríkissjóð. Skráðir eigendur íslenskra fiskiskipa sem stunda veiðar á nytjastofnum sjávar bera gjaldið. Veiðigjald er

¹ Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>.

lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórnun, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar. Veiðigjöld eru afkomutengd og getur ákvörðun stjórnvalda um stærð hlutfalls afkomu hvers árs fyrir sig haft áhrif á rekstur og efnahag Brims. Breytingar á álagningu veiðigjalda hafa bein áhrif á rekstrarhagnað fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (e. *EBITDA*). Álagning veiðigjalda tekur mið af afkomu greinarinnar og því ætti það að fara saman við afkomu félagsins. Það er ekki á færri félagsins að draga úr eða stýra þeirri áhættu sem breytingar á veiðigjöldum hafa í för með sér og því er nauðsynlegt að fjárfestar gefi þeim gaum áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af félaginu.

Stefna íslenskra stjórnvalda á sviði sjávarútvegs og stjórn fiskveiða grundvallast á Hafréttarsamningi Sameinuðu Þjóðanna frá árinu 1982. Á grundvelli hans leita íslensk stjórnvöld samninga við önnur strandríki um stjórnun veiða úr deili- og flökkustofnum, þ.e. um heildarafla í stofninn og skiptingu hans milli ríkja. Það er ýmist gert í beinum viðræðum tveggja eða fleiri ríkja, þ.e. með tvíhliðasamningum eða strandríkjasamningum eða með heildarsamkomulagi innan svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana. Sem dæmi má nefna að Ísland, Noregur og Grænland semja um heildarafla í loðnustofninn og skiptingu hans milli ríkja. Annað dæmi er rækja á Flæmingjagrunni, en um heildarafla og skipting hans er samið á ársfundum NAFO sem er svæðisbundin fiskveiðistjórnunarstofnun á NV-Atlantshafi. Ráðgjöf um heildarafla í veiðum fiskistofna sem þessa getur verið ýmist í höndum vísindanefnda innan fiskveiðistjórnunarstofnananna eða í höndum óháðra stofnanna, s.s. Alþjóða hafrannsóknaráðsins, ICES, sem hefur ríkt hlutverk á NA-Atlantshafi. Þegar samkomulag hefur náðst um heildarafla og hlut Íslands lýtur skipting aflans niður á skip almennt sömu reglum og gilda um úthlutun afla niður á skip eftir aflahlutdeild hvers skips. Ákvarðanir stjórnvalda geta þannig ráðist af umræddum samningum við önnur strandríki eða á grundvelli fullveldisréttar Íslands á alþjóðlegum hafsvæðum. Framangreint, sem og hugsanlegar breytingar á einum eða fleiri þáttum þess, skapar áhættu í rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi og þarf að taka tillit til hennar við fjárfestingar í fjármálagerningum tengdum slíkra fyrirtækja.

1.1.3. Áhætta tengd efnahagsumhverfi.

Almennir efnahagslegir þættir, svo sem hagvöxtur, verðbólga, atvinnustig, vaxtastig og gengisskráning íslensku krónunnar, hafa áhrif á rekstur félagsins, hvort sem áhrifanna gætir héraendis eða á mörkuðum erlendis. Þetta gildir bæði um markaði fyrir helstu aðföng félagsins (eldsneyti, veiðarfæri, umbúðir, tækniþúnað, varahluti og svo framvegis), sem og vörur þess. Umsvif í hagkerfinu og almennt ástand hagkerfisins hafa áhrif á hvort tveggja, framboð og eftirspurn eftir vörum félagsins og þar með á rekstur þess. Atvinnustig getur einnig haft áhrif á launakostnað félagsins og þar með á afkomu þess.

Ytri áhrifaþættir eins og hryðjuverk, stríð, náttúruhamfarir og farsóttir, sem eru utan áhrifasviðs félagsins. Náttúruhamfarir eins og til dæmis flóð, jarðskjálftar, eldgos og fárviðri af ýmsu tagi geta haft slæm áhrif á starfsemi og eignir félagsins sem geta leitt til hömlunar á rekstri á landi sem og sjó.

Ytri áhrifaþættir eins og farsóttir eru utan áhrifasviðs félagsins en geta haft skaðleg áhrif á félagið en á slíkt reyndi árið 2020 þegar efnahagshorfur á Íslandi og í heiminum öllum breyttust mjög snögglega til hins verra, í kjölfar útbreiðslu farsóttarinnar COVID-19 (hér eftir „COVID-19“). Útbreiðsla COVID-19 og viðbrögð stjórnvalda hér á landi og víða um heim hafa haft í för með sér verulega röskun á starfsemi fyrirtækja, niðursveiflu í hagkerfinu og aukið atvinnuleysi. COVID-19 og aðrar farsóttir geta haft veruleg áhrif á hagkerfi þeirra landa sem Brim selur sínar afurðir til, sem og hagkerfi Íslands. Þær geta einnig haft áhrif til breytinga á til dæmis ferða- og viðskiptafrelsi, flutningsleiðir, eftirspurnarmynstur, margvíslegan kostnað (til dæmis flutninga og annarra aðfanga) og verðmyndun og þar með eftirspurn, eins og raun var með áhrif af heimsfaraldri COVID-19.

Þá telur félagið að ytri þættir svo sem óeirðir, stríð og hryðjuverk kunni mögulega að hafa skaðleg áhrif á félagið, til dæmis ef óeirða- eða stríðsástand brýst fram í löndum sem félagið er með viðskiptasambönd

eða er með samstarfssamninga við Stjórnvaldsaðgerðir, sem afleiðing af slíku ástandi geta einnig haft áhrif á rekstur félagsins og afkomu hans, til dæmis sniðganga viðskipta, viðskiptabönn eða aðrar hömlur á ferða- og viðskiptafrelsi.

1.1.4. Kjarasamningar

Óvissa ríkir um áhrif kjarasamninga eftir að núgildandi kjarasamningar, svokallaðir lífskjarasamningar, renna úr gildi í lok árs 2022. Þá hafa kjarasamningar við sjómenn verið lausir síðan 1. desember 2019. Erfitt getur verið að velta auknum launakostnaði út í verðlagið og því er hætt á að nýir kjarasamningar geti leitt til hækkunar launakostnaðar hjá félaginu. Af því leiðir að kjarasamningar geta haft áhrif á hagnað og sjóðstreymi félagsins. Þá er hætt á verkfallsaðgerðum sem getað hamlað starfsemi félagsins með þeim afleiðingum að afkoma þess hlýtur skaða af.

1.2. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og langtímakrafna.

Viðskiptakröfur: Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna á reglubundinn hátt. Stjórnendur meta innheimtanleika krafanna og eru kröfurnar færðar niður ef líklegt er talið að þær muni ekki innheimtast.

Ábyrgðir: Brim hefur gengist í ábyrgðir fyrir tvö dótturfélög sín. Ábyrgðirnar eru vegna Icelandic Japan KK að upphæð 8.441 þús. evrur og Vignis G. Jónsson ehf., vegna láns sem var að upphæð 2.775 þús. evrur í árslok 2021. Einnig hefur móðurfélagið gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 250 þús. evrum fyrir hlutdeildarfélagið Marine Collagen ehf.

Brim metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Mesta mögulega tap vegna lánsáhattu fyrir árið 2021 er bókfært verð fjáreigna, sem var eftirfarandi í árslok 2021:

Fjáreign	Bókfærð verð m.v 31.12.2021 ²
Langtímakröfur á tengda aðila	75.347
Aðrar fjárfestingar	1.536
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	28.270
Kröfur á tengda aðila	12.888
Handbært fé	76.889
Samtals	194.390

1.3. Fjárhagsleg áhætta

1.3.1. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að Brim geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að

² Fjárhæðir eru í þúsundum evra.

mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar og/eða valda óþörfum kostnaðarauka.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimildir og hefur aðgang að lánalínum hjá þremur viðskiptabönkum. Ónýttar heimildir námu 50.000 þús. evrum í árslok 2021 og handbært fé í árslok nam 76.889 þús. evra.

1.3.2. Markaðsáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vöxtum og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhattu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Brim býr við gengisáhattu vegna sölu afurða, kostnaðar og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhattu eru íslensk króna (ISK), bandarískur dollar (USD), breskt pund (GBP), norsk króna (NOK) og japönsk jen (JPY).

Gjaldmiðlaskiptasamningar eru notaðir til að verjast gengisáhattu að hluta. Í árslok voru samningar að fjárhæð 8.745 þús. evrur útistandandi.

Vaxtaáhætta Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Vaxtaskiptasamningar eru notaðir til að verjast vaxtaáhattu að hluta. Vaxtaberandi fjármálagerningar samstæðunnar í árslok 2021 greinast þannig að það eru fjárskuldir með breytilega vexti 212.951 þús. evra og fjárskuldir með fasta vexti 71.734 þús. evra.

1.3.3. Fjárhagsleg skilyrði skuldabréfaflokksins

Skuldabréfaflokkur félagsins ber fjárhagsleg skilyrði sem útgefandi skuldbindur sig til þess að hlíta og taka þeir mið af rekstri og efnahag samstæðu Brims. Nánar er fjallað um skilmála skuldabréfaflokksins í kafla 2.4.3 *Sérstök skilyrði vegna skuldabréfaflokksins Brim 221026 GB* í verðbréfalýsingu félagsins dagsett 24. maí 2022. Komi til þess að félagið standist ekki umrædd fjárhagsleg skilyrði og takist ekki að bæta úr innan tilskilins frests er eigendum skuldabréfanna heimilt að fella allar eftirstöðvar í gjalddaga.

1.4. Rekstraráhætta

1.4.1. Fiskimið

Fiskur á þeim hafsvæðum þar sem Brim hefur veiðiheimildir er náttúruauðlind og eru sveiflur í fiskgengd á mismunandi tímum og hafsvæðum. Ýmsir þættir geta haft áhrif þar á og má nefna áhrif veiða og umhverfisbreytinga af mannavöldum auk þess sem fæða fyrir fiskinn, straumar, hitastig sjávar, súrnun sjávar og hrygningar kunna að hafa áhrif. Brim býr því við áhattu vegna náttúrusveiflna. Veiðar og vinnsla á fiski eru meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskistofna við landið.

Þá býr félagið við áhattu um breytingar á úthlutun úr ýmsum deilistofnum, svo sem kolmunna, norsk-íslenska síld og makríl. Með deilistofnum er átt við þá fiskistofna sem Ísland nýtir sameiginlega með öðrum ríkjum þar sem fiskistofnarnir ganga á milli efnahagslögsagna ríkjanna og út á alþjóðlegt hafsvæði. Ákvarðanir um úthlutun kvóta til íslenskra skipa úr deilistofnum er á ábyrgð íslenskra stjórnvalda og fylgir félagið gildandi lögum og reglum á hverjum tíma. Um suma þessara deilistofna ríkir ágreiningur á milli veiðilandanna og þótt stöðugt sé unnið að lúkningu þeirra deilna með setningu reglna um heildarkvóta og skiptingu hans þá hefur enn ekki náðst samkomulag um skiptingu kvótans á milli veiðiríkjanna úr þeim öllum.

Á hverju ári felst áhætta í því að ekki takist að veiða úthlutaðan kvóta, ýmist vegna aðstæðna á fiskimiðum eða á mörkuðum. Til að draga úr rekstraráhættu beitir fyrirtækið meðal annars stýringu á veiðum og vinnslu afla, meðal annars með það að markmiði að draga úr framangreindri áhættu og, sem og að hámarka kvóta-, skipa- og afurðanýtingu, gæða og fleiri þátta og þar með afkomu veiðanna og arðsemi rekstrarins.

1.4.2. Veiði og vinnsla

Rekstraráhætta Brims er falin í því útgerð fiskiskipa til veiða á fiski sem og rekstri fiskvinnslu. Fiskiskip Brims eru gerð út allt árið um kring við mismunandi veðurskilyrði og treysta meðal annars á viðeigandi aðföng eins og til dæmis eldsneyti, veiðarfæri o.fl., hæfa áhafnarmedlimi, sem og viðeigandi tækniþúnað, svo sem veiðarfæri, vélar og tæki af fjölbreyttu tagi. Fiskvinnslur Brims eru einnig háðar fjölbreyttum þúnaði, þar með töldum hátækniþúnaði, sem og ýmiss konar aðföngum, svo sem orku, vatni, umbúðum o.fl. og síðast en ekki síst aðgengi að nægu og hæfu starfsfólki. Sveiflur í aflabrögðum, eftir árstíðum og veðurfari geta leitt til þess að félagið verði að grípa til tímabundinna ráðninga á starfsfólki til þess að ná fram hæfilegum sveigjanleika en slíkt er háð gildandi kjarasamningum á hverjum tíma og ekki hægt að tryggja að slíkt fyrirkomulag verði óbreytt til allrar framtíðar.

Brim þarf að koma afurðum félagsins til viðskiptavina víðs vegar um heiminn og treystir á aðgengi að hagkvæmri og viðeigandi flutningsþjónustu og nýtir bæði sjóflutninga sem og farmflutninga með flugvélum. Ekki er hægt að ganga að því sem vísu að slík þjónusta verði ávallt til staðar og verð og aðgengi að henni geta sveiflast yfir tíma af ýmsum orsökum, svo sem átökum, náttúrulegum aðstæðum og ákvarðanatöku stjórnvalda

1.4.3. Samkeppni og aðgengi að mörkuðum

Starfsemi félagsins heyrir undir samkeppnislög nr. 44/2005 og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir boðum og bönnum þeirra laga innanlands og getur íhlutun þess haft fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Brim selur vörur sínar á alþjóðlegum mörkuðum og er háð því að hafa greitt aðgengi að mörkuðum með vörur sínar. Félagið er því í samkeppni við önnur fyrirtæki í heiminum sem bjóða sambærilega vöru og Brim framleiðir og selur. Breyttar aðstæður í þeim viðskiptalöndum sem sjávarútvegsfyrirtæki selja afurðir sínar til, geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði fyrirtækjanna. Þetta á t.d. við um samkeppnisstöðu afurða á mörkuðum erlendis gagnvart öðrum matvælum og aðgerðum opinberra aðila sem áhrif geta haft á sölu afurða félagsins, sem og gengissveiflur á milli framleiðslu- og markaðslanda. Félagið selur stærstan hluta vara sinna til Evrópu, en í bæði Asíu og Ameríku eru auk þess stórir markaðir fyrir vörur félagsins.

1.4.4. Samningsáhætta og mikilvægir samningar

Lánssamningar sem útgefandi er aðili að geta fallið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefandann. Það sama á við um aðrar fjárfestingar og aðra fjármálagjörninga útgefanda, svo sem framvirka gjaldmiðlasamninga.

Á félaginu hvílir samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum, sem gæti haft í för með sér gjaldfellingu lána og neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið ef endurfjármögnun reyndist óhagstæð eða ómöguleg. Gjaldfellingarheimildir lána félagsins snúa að hefðbundnum vanefndaákvæðum, t.d. vanefndum á samningsbundnum greiðslum, veðsetningarbann, kröfur um lágmarks eiginfjárlutfall, brotum á fjárhagsskilmálum og afleiddar vanefndir (e. *cross-default*). Meiriháttar breyting á eignarhaldi félagsins, uppskipting eða yfirtaka er sömuleiðis álitð vanefndatilkv í tilviki flestra lánasamninga félagsins og auk þess einnig afturköllun starfsleyfis, veiðileyfa eða aflahlutdeildar.

Flestir samningar Brims um sölu og dreifingu eru byggðir á langtíma viðskiptasamböndum. Einstakir samningar eða viðskipti við einstaka viðskiptavini hafa ekki afgerandi áhrif á framlegð eða afkomu félagsins.

1.4.5. Umhverfisáhætta

Ýmis umhverfisáhrif geta haft áhrif á rekstur og afkomu Brims. Fiskveiðistjórnun á Íslandsmiðum byggist á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Þau grundvallast á aflamarkskerfi í þeim tegundum sem veiðar eru takmarkaðar á. Stjórnvöld, í samráði við hagsmunaaðila, vinna ötullega að því að tryggja sjálfbæra nýtingu á auðlindinni. Ákvarðanir eru ávallt teknar á vísindalegum forsendum og er þar byggt á starfi Hafrannsóknastofnunar.

Starfsemi félagsins er bundin ýmsum lögum er lúta að umhverfismálum og má þar nefna lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972, og lög um geislavarnir, nr. 44/2002. Félagið hefur umhverfisábyrgð að leiðarljósi m.a. hvað varðar áherslu á notkun endurnýjanlegrar orku og fylgni við kröfur um útblástur gróðurhúsalofttegunda og svifryks á veiði- og flutningstækjum félagsins. Komi til þess að starfsemi félagsins uppfylli ekki viðmið sem bundin eru í lög og reglur er varða umhverfismál kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur, orðspor og afkomu félagsins. Enn fremur geta slys á borð við skipsskaða haft í för með sér umhverfismengun, s.s. vegna olíuleka sem félagið þarf hugsanlega að bera kostnað af hreinsun, auk annarra þátta og þannig haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

1.4.6. Breytingar á eftirspurn og afurðarverði

Breytingar á eftirspurn afurða og breytingar á afurðaverði er áhættuþáttur hjá félaginu en afurðaverð hefur sögulega breyst til hækkunar eða lækkunar í mismiklum mæli, í samræmi við breytingar á framboði og eftirspurn. Afurðaverð byggir á markaðsverðum sem Brim hefur ekki færi á að sjá fyrir hvernig þróast. Félagið telur að fjölbreytni í rekstri félagsins, s.s. hvað varðar samsetningu veiðiheimilda, veiðar, vinnslu og langtímasambönd við viðskiptavini, geti dregið úr neikvæðum áhrifum verðbreytinga að einhverju leyti en ekki er hægt að tryggja að stefna félagsins dragi úr þeim áhrifum.

1.4.7. Olíuverðsáhætta

Olíuverðsáhætta er skilgreind sem sú áhætta að heimsmarkaðsverð á olíu þróist á óhagstæðan hátt fyrir félagið, sem leiði til fjárhagslegs taps. Einn af stærstu einstöku þáttum kostnaðar félagsins er vegna olíukaupa og nam kostnaður vegna olíukaupa sem hlutfall af tekjum af kjarnastarfsemi 5% á árinu 2021.

1.4.8. Lykilstarfsfólk

Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og einurð stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla og þekking á íslenskum sjávarútvegi og erlendum mörkuðum. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef einn eða fleiri þessara lykilstarfsmanna hættu störfum hjá því, en sérstaklega ef margir þeirra myndu hverfa frá félaginu með stuttu millibili án þess að félagið stýrði þar för. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn getur það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn áfram. Það er mikilvægt fyrir félagið að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur áherslu á að bjóða góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun, en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og/eða halda í þá starfsmenn sem það þarfnast.

1.4.9. Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er hættan á að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess. Slík neikvæð umfjöllun getur til dæmis komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili félagsins er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum

eða góðum stjórnarháttum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til vaxtar og haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur.

Komi til þess að félagið nýti ekki andvirði skuldabréfaflokksins Brim 221026 GB í sjálfbær verkefni innan þess þriggja ára tímaramma sem sjálfbærnirammí félagsins kveður á um kann vera að félagið verði fyrir orðsporshnekki.

1.4.10. Skipastóll

Í skipastól félagsins eru nú 2 frystitogarar, 3 ísfisktogarar, 1 línubátur og 3 uppsjávarskip. Auk þess á félagið 50% eignarhlut í uppsjávarskipinu Guðrúnu Þorkeldsdóttur en 50% eigandi á móti félaginu er Eskja hf. Skip félagsins eru á mismunandi aldri og í mismunandi ástandi. Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun skipastólsins sé fullnægjandi fyrir rekstur þess. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi eða ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinganna, getur það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið hvort heldur litið er til mistaka í áætlanagerð, kvaða opinberra aðila, þarfa eða væntinga viðskiptavina og starfsmanna.

Líkt og í öðrum atvinnugreinum þá hafa nýjungar í tækni við vinnslu og veiðar litið dagsins ljós í gegnum tíðina. Skipastóll félagsins hefur verið útbúinn nauðsynlegum búnaði og tækni til veiða og honum viðhaldið í gegnum árin. Líklegt er að ný tækni og/eða kröfur komi síðar fram sem geri núverandi búnað úreltan og krefjist þar með fjárfestingar í nýjum búnaði eða tækni.

1.4.11. Fasteignir

Félagið á sjálft þær fasteignir sem hýsa kjarnastarfsemi félagsins. Félagið ber þannig takmarkaða áhættu af því að geta ekki tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á hentugum svæðum á sanngjörnum kjörum. Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun eigin húsnæðis sé fullnægjandi fyrir rekstur þess. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi eða ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinganna, getur það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið hvort heldur litið er til mistaka í áætlanagerð, kvaða opinberra aðila, þarfa eða væntinga viðskiptavina og starfsmanna.

1.4.12. Vátryggingar

Brim kaupir allar almennar vátryggingar vegna starfsemi sinnar, s.s. brunatryggingar húseigna, húftryggingar fiskiskipa, afla- og veiðafæratryggingar, áhafnatryggingar, farmtryggingar, ábyrgðartryggingar ökutækja, tryggingar vegna lausafjár og birgða, rekstrarstöðvunartryggingar, vátryggingavernd fyrir starfsmenn, almennar ábyrgðartryggingar vegna reksturs með innifalinni ábyrgð vegna bráðamengunar skv. 16. gr. laga um varnir og mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og starfsábyrgðartryggingar vegna stjórnenda félagsins. Þrátt fyrir ofangreint er ekki hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun félagsins er að tryggja sig fyrir. Þættir sem hafa áhrif á þetta eru sjálfsábyrgð vátryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem vátryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar.

1.5. Lagaleg áhætta

1.5.1. Verðbréfalöggjöf

Hlutabréf, sem og aðrir fjármálagerningar útgefnir af Brimi hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði, því gilda um félagið ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Að auki ber félaginu að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið

til viðskipta eins og þau eru á hverjum tíma, m.a., lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, reglugerðir og reglur settar á grundvelli fyrrnefndra laga, svo sem reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Alvarleg brot á umræddum lögum og reglum gætu leitt til þess að Nasdaq Iceland tæki verðbréf útgefin af félaginu úr viðskiptum.

Starfsemi Brims er umfangsmikil, sem leiðir til aukinnar hættu á að starfsmenn félagsins viðhafi sviksamlega háttsemi. Þótt félagið telji að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna þess sinni starfi sínu af heiðarleika og fagmennsku, er sú hættu til staðar á öllum stigum rekstrarins að sviksamleg háttsemi eigi sér stað.

1.5.2. Gildandi lög, reglugerðir og leyfi

Brim starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Starfsemi félagsins fellur m.a. undir lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, lög um veiðigjald nr. 145/2018, lög um matvæli nr. 93/1995, ásamt síðari breytingum og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Auk þess taka sjómannalög nr. 35/1985 til starfsemi félagsins.

Ýmis lög um umhverfismál snerta einnig félagið svo sem lög um bann við losun hættulegra efna í sjó nr. 20/1972, lög um geislavarnir nr. 44/2002 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Í rekstri félagsins ber félaginu að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005.

Starfsemi Brims lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur skipakosts félagsins háð leyfisveitingu opinberra aðila. Breytingar á þeim lögum og reglum sem gilda um félagið, eða ný lög eða reglur sem settar eru um starfsemi þess, gætu haft fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið og áhrif á hvernig það hagar starfsemi sinni. Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum. Ef tilskilin leyfi eru ekki endurnýjuð með tilskildum hætti, eru afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt, þá kann það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið. Þar sem Ísland er aðili að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði þarf Brim að stunda sína starfsemi í samræmi við lagasetningu frá Evrópusambandinu sem er innleidd hér á landi.

Þá eru ársreikningar félagsins útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (hér eftir nefnt „**International Financial Reporting Standard**“, „**IFRS**“). Reikningsskilastaðlarnir eru í stöðugri endurskoðun og breytingar á þeim gætu haft áhrif á fjárhagsuppgjör félagsins.

1.5.3. Skattar

Breyting á sköttum eða öðrum opinberum gjöldum fela í sér áhættu í rekstri Brims og kunna að leiða til þess að eftirspurn eftir vörum félagsins breytist og geta þar með haft áhrif á afkomu félagsins, rekstur og/eða á verð hlutabréfa þess. Félaginu er ekki kunnugt um að nokkur skattrannsókn sé í gangi á félaginu sjálfu eða dótturfélögum þess sem gæti haft veruleg áhrif á fjárhag þess. Eins og gildir um öll önnur félög er hugsanlegt að skattagögn félagsins verði tekin til athugunar á síðari stigum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, sem gæti haft áhrif á afkomu og rekstur þess. Félagið og skattyfirvöld gætu verið ósammála um hvernig skuli fara með hinar ýmsu fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru innan Brims í skattalegu tilliti. Félagið telur að það uppfylli öll viðeigandi lög og reglur um skatta og á því ekki von á að skattyfirvöld geri kröfur á hendur félaginu vegna meðferðar á tekjum eða öðrum fjárhagslegum atriðum.

Vakin er athygli á því að skattskil Brims eru í íslenskum krónum en fjárhagsuppgjör félagsins eru sett fram í evrum. Þetta kann að leiða til þess að mismunur kann að vera á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt fjárhagsuppgjörum félagsins, einkum vegna gengisbreytinga.

1.5.4. Málferli og ágreiningsmál

Brim er ekki aðili að neinum stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmálum, né hefur verið það sl. 12 mánuði, sem kunna að hafa haft eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins eða arðsemi þess eða samstæðu þess. Þá er félaginu ekki kunnugt um að ný slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við dagsetningu útgefandalýsingar þessarar.

2. Upplýsingar um útgefandann

2.1. Útgefandi

Lögformlegt heiti	Brim hf.
Viðskiptaheiti	Brim
Kennitala	541185-0389
Höfuðstöðvar & lögheimili	Norðurgarði 1, 101, Reykjavík, Ísland
Lögform	Hlutafélag, skráð á Íslandi og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995.
Heimasíða	https://www.brim.is ³
Símanúmer	+354 550 1000
LEI auðkenni	635400YXSJKSF3H3CB31

2.2. Tilgangur félagsins og hlutafé

Tilgangur félagsins samkvæmt grein 1.4 í gildandi samþykktum þess er að reka útgerð, fiskvinnslu, annan matvælaíðnað og skylda starfsemi.

Heildarhlutafé Brims samkvæmt samþykktum þess er kr. 1.955.979.606-. Félagið á eigin hluti að nafnverði 34.920.417kr. og bera þeir hlutir ekki atkvæðisrétt, sbr. 11. gr. samþykta félagsins. Nafnverð hvers hlutar er ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu á hluthafafundum og er atkvæðisréttur hluthafa því jafn hlutfallslegri eign þeirra. Öll hlutabréf í Brim eru í einum og sama flokki og jafnrétt há.

2.3. Hluthafar

Neðangreind tafla sýnir 20 stærstu hluthafa Brims hf. miðað við dagslokastöðu þann 30. apríl 2022.

	Nafn	Fjöldi hluta	Hluttur
1	Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	663.370.977	33,92%
2	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	281.800.000	14,41%
3	Lífeyrissjóður verslunarmanna	205.680.503	10,52%
4	RE-13 ehf.	196.500.000	10,05%
5	KG Fiskverkun ehf.	78.024.576	3,99%
6	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild	68.200.000	3,49%
7	Birta lífeyrissjóður	54.319.469	2,78%
8	Stekkjarsalir ehf.	36.500.000	1,87%
9	Brim hf.	34.920.417	1,79%
10	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	31.019.188	1,59%
11	Stefnir - Innlend hlutabréf hf.	21.874.801	1,12%
12	Eignarhaldsfélagið VGJ ehf.	19.842.173	1,01%

³ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingar nema þær séu felldar sé inn með tilvísun.

13	Vátryggingafélag Íslands hf.	16.910.114	0,86%
14	Almennri lífeyrissjóðurinn	14.232.616	0,73%
15	IS EQUUS Hlutabréf	12.443.699	0,64%
16	Stefnir - IS 5 hs.	9.960.297	0,51%
17	Ólöf Ingimundardóttir	9.100.000	0,47%
18	Sigrún María Ingimundardóttir	9.100.000	0,47%
19	Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	8.763.083	0,45%
20	Hafðis Ingimundardóttir	8.600.000	0,44%
Samtals 20 stærstu		1.798.636.342	91,96%
Útgefniir hlutir samtals		1.955.979.606-	100%

Tafla 2: 20 stærstu hluthafar Brim hf. m.v. lok dags 30. apríl. 2022.

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en greint hefur verið frá í töflu 2. Þá er útgefanda heldur ekki kunnugt um að neitt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem síðar gæti haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda. Bent er á að hlutabréf í útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland og að eignarhald hans getur því breyst hratt og án fyrirvara. Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykktu útgefanda og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

2.4. Fjárhagsdagatal

Eftirfarandi er fjárhagsdagatal Brims sem samþykkt er af stjórn félagsins:

Rekstrarárið 2022/23.

1. ársfjórðungur (1. mars - 31. maí): 25. maí 2022.
 2. ársfjórðungur (1. mars - 31. ágúst): 25. ágúst 2022.
 3. ársfjórðungur (1. mars - 30. nóvember): 17. nóvember 2022.
- Ársuppgjör 2022 (1. mars - 28. febrúar): 23. febrúar 2023.

Fjárhagsár Brims er almanaksárið.

2.5. Starfsemi útgefanda

Brim stundar veiðar og vinnslu á botn- og uppsjávarfiski. Hjá fyrirtækinu eru unnin um 762 ársverk til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar um allan heim en helstu markaðir eru í Evrópu, Asíu, Norður-Ameríku og Afríku.

Brim er með samþættan rekstur veiða, vinnslu og markaðssetningar sem stuðlar að skilvirkari framleiðslu og tryggir óhefta leið aflans til kaupenda. Auðvelt er að rekja slóð afurðanna frá afhendingu alla leið aftur til sjávar. Lykillinn að velgengni fyrirtækisins felst í framúrskarandi starfsfólki á sjó og landi sem leggur sig fram við að skila gæðavörum til kaupenda og neytenda.

2.5.1. Ágrip af sögu

Brim hf. var stofnað 13. nóvember árið 1985 við sameiningu Bæjarútgerðar Reykjavíkur og Ísbjarnarins. Hét fyrirtækið fyrst Grandi hf. síðar HB Grandi hf. Árið 2019 var nafninu breytt í Brim hf.


Bæjarútgerð Reykjavíkur á sér langa sögu í Reykjavík en stofndagur hennar er 17. febrúar árið 1947 þegar fyrsti nýsköpunartogarinn, Ingólfur Arnarson, kom til landsins. Bæjarútgerðin rak útgerð og fiskvinnslu í Reykjavík og

var til húsa að Grandagarði 8 þar sem nú er Sjóminjasafnið. Ísbjörninn var stofnaður 1944 og rak þá hraðfrystihús á Seltjarnarnesi ásamt saltfisk- og skreiðarverkun þar til árið 1979 þegar fyrirtækið flutti starfsemi sína í nýtt frystihús sem félagið byggði í Reykjavík að Norðurgarði í Örfirisey. Í dag eru þar höfuðstöðvar Brims; skrifstofa, stærsta fiskvinnsla þess og frystigeymslur.

Á síðustu áratugum hefur sjávarútvegurinn verið að eflast og hefur átt sér stað mikilvæg samþjöppun sem Brim hefur tekið þátt í. Fyrirtæki sem hafa sameinast Brimi frá árinu 1985 og félagið getur rekið rætur til eru hátt um tveirtugir.

Rekstrartími útgefanda er ótiltekinn en greinar 13 og 14 í gildandi samþykktum fjallar þó um slit útgefanda og samruna við önnur félög eða skiptingu.

2.5.2. Skipulag samstæðunnar



2.6. Stjórn og stjórnendur útgefanda

2.6.1. Stjórn

Stjórn útgefanda skipa fimm einstaklingar kjörnir af hluthöfum til eins árs í senn. Hæfi stjórnarmanna skal ákvarðast af 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög sem og samþykktum félagsins.

5. kafli, samþykkt félagsins, dagsettar 15. ágúst 2019 kveður á um samsetningu stjórnar og framboð í stjórnarkjör.

Stjórn stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Stjórn kys sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundi eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórn ræður forstjóra og ákvarðar starfskjör hans og skyldur.

Stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi 24. mars 2022 og eiga eftirtaldir sæti í henni:

Formaður stjórnar

Nafn: Kristján Þ. Davíðsson

Fæðingardagur: 16. nóvember 1960

Fyrst kjörinn: 29. mars 2019

Starfsreynsla:	Kristján rekur eigið ráðgjafar- og fjárfestingafyrirtæki Viðskiptaþróun ehf. og fjárfestingafyrirtækið ISDER ehf. Þá hefur Kristján starfað í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi í rúma þrjú áratugi eftir nám, m.a. við markaðs- og sölumál, fjármál, fyrirtækjarekstur og stjórnun m.a. hjá Norfish Export Co., SÍF, Marell, Íslandsbanka/Glitni, Granda/HB Granda, Corporación Pesquera Inca, Friosur og Iceland Seafood International. Kristján situr í ýmsum stjórnnum, m.a. Landeldi ehf., Sjóttækni ehf., Viðskiptaþróun ehf., og ISDER ehf.
Eignahlutur í Brim:	Kr. 0 (0,00%). Framkvæmdastjóri Isder sem á 1.500.000 hluti (0,077%) og framkvæmdastjóri og eigandi Viðskiptaþróunar ehf. sem á 13.000 hluti (0,00%)
Hagsmunatengsl:	Engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Varaformaður stjórnar

Nafn:	Anna G. Sverrisdóttir
Fæðingardagur:	29. júlí 1950
Fyrst kjörin:	28. apríl 2016
Starfsreynsla:	Anna er sjálfstætt starfandi ráðgjafi, AGMOS ehf. og sinnir afmörkuðum verkefnum fyrir Samtök ferðaþjónustunnar SAF. Reynsla Önnu úr atvinnulífinu er margvísleg. Hún hefur einkum unnið við fjármál og framkvæmdastjórn, m.a. hjá eftirfarandi fyrirtækjum: Bláa Lóninu, Laugarvatni Fontana, Viðskiptablaðinu, Vöku-Helgafelli, Íslenska Útvarpsfélaginu (Stöð 2) og Arnarflugi, auk þess að hafa starfað hjá Endurskoðunarskrifstofu Björns og Ara (er nú hluti af Deloitte), Útgerðarfélaginu Hilmi sf. og Landsbankanum. Anna á m.a. sæti í stjórnnum Bláa Lónsins hf., Hreyfingar ehf. og AGMOS ehf.
Eignahlutur í Brim:	Kr. 0 (0,00%)
Hagsmunatengsl:	Engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Stjórnarmaður

Nafn:	Hjálmar Þór Kristjánsson
Fæðingardagur:	2. júlí 1958
Fyrst kjörinn:	25. mars 2021
Starfsreynsla:	Hjálmar var framkvæmdastjóri KG Fiskverkunar og verkstjóri frá árinu 1978-2020. Hjálmar er m.a. í stjórn Votlendissjóðs og Stekkjarsala ehf.
Eignahlutur í Brim:	Kr. 0 (0,00%)
Hagsmunatengsl:	Eigandi í KG Fiskverkun sem á 78.024.576 hluti (3,99%) í Brimi og eigandi í Stekkjarsölum sem á 36.500.000 hluti (1,87%) í Brimi.

Stjórnarmaður

Nafn:	Kristrún Heimisdóttir
Fæðingardagur:	28. ágúst 1971
Fyrst kjörin:	27. júlí 2018

Starfsreynsla: Krístrún starfar sem lektor í lögfræði í Háskólanum á Bifröst og rannsóknarfélagi við Columbia University Law School í New York frá 2015. Áður starfaði Krístrún sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins 2013-2014 og var lektor við Háskólann á Akureyri frá 2012. Þá hefur Krístrún starfað sem aðstoðarmaður efnahags- og viðskiptaráðherra 2010-2012, lögfræðilegur ráðgjafi velferðarráðherra 2009-2010, aðstoðarmaður utanríkisráðherra 2007-2009 og hjá LEX lögmannsstofu á árunum 2006-2007. Lögfræðingur Samtaka iðnaðarins 2002-2006. Krístrún er í Háskólaráði Háskóla Íslands, situr í stjórn „Leifur Eiríksson Foundation“ og er varamaður í stjórn Bankasýslu ríkisins.

Eignahlutur í Brim: Kr. 0 (0,00%)

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Stjórnarmaður

Nafn: Magnús Már S. Gústafsson

Fæðingardagur: 13. september 1941

Fyrst kjörinn: 4. maí 2018

Starfsreynsla: Magnús starfaði sem forstjóri Atlantika INC í Bandaríkjunum á árunum 2009-2018. Þá var hann aðalræðismaður Íslands í New York, 2005-2008. Áður sinnti Magnús starfi forstjóra Icelandic Inc - Coldwater Seafood, 1984-2005 og forstjóri Hampiðjunnar hf., 1972-1984. Þá var Magnús hagræðingarráðunautur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, 1966-1972.

Eignahlutur í Brim: Kr. 81.689 (0,004%)

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Nánari upplýsingar um starfsreynslu stjórnar, starfsreglur og undirnefndir stjórnar Brims er að finna á eftirfarandi vefslóð sem skal felld inn með tilvísun: <https://www.brim.is/is/fjarfestar/stjorn>.

Allir stjórnarmeðlimir félagsins hafa starfsstöð hjá höfuðsstöðvum félagsins við Norðurgarð 1, 101 Reykjavík, vegna starfa sinna fyrir félagið.

2.6.2. Stjórnendur útgefanda

Forstjóri

Nafn: Guðmundur Kristjánsson

Fæðingardagur: 22. ágúst 1960

Starfsreynsla: Guðmundur hefur starfað sem forstjóri félagsins síðan 2018 að undanskildum tæpum níu mánuðum. Hann var áður forstjóri Brims (nú Útgerðarfélag Reykjavíkur). Þar á undan var hann framkvæmdastjóri Útgerðarfélagsins Tjalds ehf. og framkvæmdastjóri Kristjáns Guðmundssonar hf. á Rífi, en hann hefur rekið útgerðarfélög samfleytt í yfir 35 ár.

Eignahlutur í Brim: Kr. 0 (0,00%)

Hagsmunatengsl: Eigandi að Útgerðafélagi Reykjavíkur hf. sem á 100% eignarhlut í RE-13 ehf., sem samtals eiga 43,97% hlut í Brimi.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Nafn: Inga Jóna Friðgeirsdóttir

Fæðingardagur: 29. ágúst 1964

Starfsreynsla: Inga Jóna hefur verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs félagsins síðan 2019. Inga Jóna hóf störf hjá fyrirtækinu, sem áður hét HB Grandi árið 2013 sem forstöðumaður fiskþurrkunar og síðar forstöðumaður viðskiptaþróunar. Áður eða frá árinu 2004 starfaði hún sem framkvæmdastjóri Laugafisks hf. og jafnframt sem framkvæmdastjóri hjá Brimi (nú Útgerðarfélag Reykjavíkur) frá 2007-2013.

Eignahlutur í Brim: Kr. 108.303 (0,0055%)

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Nafn: Ægir Páll Friðbertsson

Fæðingardagur: 11. júní 1969

Starfsreynsla: Ægir Páll hefur verið framkvæmdastjóri hjá félaginu síðan 2018. Hann var áður framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja og Brims hf. (nú Útgerðarfélag Reykjavíkur). Þar áður starfaði hann sem stjórnandi og ráðgjafi sjávarútvegsfyrirtækja en áður var hann lánasérfræðingur og viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka í níu ár.

Eignahlutur í Brim: Kr. 0 (0,00%)

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Allir stjórnendur félagsins hafa starfsstöð hjá höfuðstöðvum félagsins við Norðurgarð 1, 101 Reykjavík, vegna starfa sinna fyrir félagið.

Nánari upplýsingar um forstjóra og framkvæmdastjórn Brims er að finna í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2021 á eftirfarandi vefslóð: <https://arsskyrsla2021.brim.is/>⁴.

Frekari upplýsingar um Brim er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins, www.brim.is.⁵

⁴ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingar nema þær séu felldar sé inn með tilvísun.

⁵ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingar nema þær séu felldar sé inn með tilvísun.

2.7. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Engir hugsanlegir hagsmunaárekstrar eru á milli skyldustarfa ofangreindra stjórnarmanna og aðila að framkvæmdastjórn fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa aðrir en þeir sem greint er frá hér að framan.

Vakin er athygli á eftirfarandi hagsmunum Íslandsbanka vegna Brims:

- Brim er viðskiptavinur Íslandsbanka sem hefur verið ráðgjafi félagsins og umsjónaraðili með sölu skuldabréfanna og gerð lýsingar vegna töku þeirra til viðskipta.
- Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir þessi störf sín fyrir útgefanda.
- Íslandsbanki er viðskiptabanki útgefanda.
- Íslandsbanki er meðal lánardrottna Brims.

3. Aðrar upplýsingar

3.1. Fjárhags- og viðskiptastaða útgefanda

Þann 14. janúar 2022 stækkaði Brim græna og bláa skuldabréfaflokkinn BRIM 221026 GB, sem er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga þann 22. október 2026. Seld voru skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna á ávöxtunarkröfunni 5,10%. Áður höfðu verið seld skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna, og hafa því samtals verið seld skuldabréf í floknum að fjárhæð 5.000 milljónir króna sem er hámarksstærð flokksins.

Útgefandi lýsir því yfir að öðru leyti en framan greinir hafi ekki orðið verulegar og mikilvægar breytingar á fjárhagslegri afkomu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils, 31. desember 2021. Útgefandi lýsir því enn fremur yfir að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum félagsins síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans, ársreikningur 2021, voru birt þann 24. febrúar 2022.

3.2. Tiltæk skjöl

3.2.1. Skjöl felld inn með tilvísun

Ársreikningar útgefanda fyrir fjárhagsárin 2020 og 2021 eru felldir inn í lýsingu þessa með tilvísun og myndna við það órjúfanlegan hluta af henni.

Skjölin má nálgast á vefsíðu Brims í gegnum tilgreindar vefslóðir:

- Ársreikningur samstæðu Brims fyrir fjárhagsárið 2021, dags. 24. febrúar 2022, vefslóð: https://brim.cdn.prismic.io/brim/51b1f2e1-e8ef-41ae-bc83-ococ9d4242a6_arsreikningur-brims-2021.pdf
- Ársreikningur samstæðu Brims fyrir fjárhagsárið 2020, dags. 25. febrúar 2021, vefslóð: https://brim.cdn.prismic.io/brim/a00a781e-a039-4fd8-a934-b01563e9e7e8_%C3%81rsreikningur+Brims_hf+2020.pdf

Ársreikningarnir hafa verið endurskoðaðir af Deloitte sem eru endurskoðendur Brims og innihalda áritun óháðs endurskoðanda þeirra. Endurskoðendur félagsins hafa hvorki hafnað að veita áritun á framangreinda ársreikninga félagsins né hefur áritun þeirra falið í sér fyrirvara eða afsal ábyrgðar.

3.2.2. Skjöl til sýnis

Á meðan útgefandalýsing þessi, dagsett 24. maí 2022, er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra) á skráðri skrifstofu Brims við Norðurgarð 1, 101 Reykjavík. Skjölin eru auk þess alltaf aðgengileg á rafrænu formi á vefsíðu félagsins á eftirfarandi vefslóð: <https://www.brim.is/is/fjarfestar>.

- Samþykktir útgefanda, dagsettar 15. ágúst 2019, vefslóð: https://brim.cdn.prismic.io/brim/ab271c83-d63a-4406-a79f-5b8971dfobe3_Brim_Sam%C3%BEykkir_2019-08-15.pdf ;
- Útgáfulýsing skuldabréfaflokksins BRIM 221026 GB, vefslóð: <https://nasdaqcsd.com/wp-content/uploads/Brim-221026-Utgafulyising.pdf> ;
- Sjálfbærnirrammi Brims 2021 (e. *Brim Sustainable Financing*) 2021, vefslóð: https://brim.cdn.prismic.io/brim/1f390906-89f7-4336-921c-f303aa667ec7_Brim+sustainable+bonds+framework.pdf

- Skýrsla úttektaraðila á sjálfbærniáramma Brims 2021 (e. *Brim Sustainable Financing Framework Second Party Opinion*), vefslóð: https://brim.cdn.prismic.io/brim/92876b2a-12co-4efd-8646-0970daaca227_Brim+Sustainable+Financing+Framework+Second+Party+Opinion.pdf

Lýsingin er gefin út á íslensku og gildir í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Gildistími lýsingarinnar hefur þó engin áhrif á þau skuldaskjöl sem gefin hafa verið út á grundvelli lýsingarinnar fram til þess tíma.

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda <https://www.brim.is/is/fjarfestar>. Fjárfestar geta einnig óskað eftir eintaki af lýsingunni á prentuðu formi á skrifstofu félagsins.

4. Tilkynning til fjárfesta

Lýsing Brims, dagsett 24. maí 2022, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins BRIM 221026 GB til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“).

Útgefendalýsing þessi er gerð í samræmi við lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Útgefendalýsing þessi fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðauka 7 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980.

Lýsingin er útbúin af Íslandsbanka og byggir alfarið á gögnum frá félaginu og stjórnendum þess. Lýsingin samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum: útgefendalýsingu þessari dagsettri 24. maí 2022 og verðbréfalýsingu, dagsett 24. maí 2022.

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda <https://www.brim.is/is/fjarfestar>. Fjáfestar geta einnig óskað eftir eintaki af lýsingunni á prentuðu formi á skrifstofu félagsins.

Útgefendalýsing þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af útgefendalýsingunni skal hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa. Útgefendalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af Útgefendalýsingunni skal þannig meðal annars hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Hvorki Íslandsbanki sem umsjónaraðili eða útgefandi eru skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila í þeim lögsögum sem að framan greinir.

4.1. Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta

Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi (hér nefnt „**umsjónaraðili**“, „**fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka**“) Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka var ráðgjafi félagsins og umsjónaraðili með sölu skuldabréfanna, ásamt verðbréfamiðlun sem hafði umsjón með útboðum skuldabréfanna.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur jafnframt verið með umsjón við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 24. maí 2022, vegna töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Lýsingarnar eru byggðar á upplýsingum frá útgefanda.

Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir aðkomu sína að þessum verkefnum. Samskiptaupplýsingar Íslandsbanka eru: fyrirtækjaradgjof@islandsbanki.is og LEI auðkenni er 549300PZMFIQR79QoT97.

4.2. Endurskoðendur útgefanda

Endurskoðendur útgefanda á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingu þessari voru Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorg 3, 201 Kópavogur (hér eftir nefnt „**Deloitte**“), og fyrir þeirra hönd Ingvi Björn Bergmann, kt. 190481-3879, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Deloitte hafa starfað á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar í lýsingunni taka til. Þá hefur Deloitte ekki hafnað að

veita áritun á árs- eða hálfársuppgjör félagsins á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar í lýsingunni taka til.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Brims hf. á aðalfundi félagsins þann 24. mars 2022. Deloitte hefur verið endurskoðandi Brims hf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 2015.

4.3. Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila, annað en opinberum upplýsingum sem birtar hafa verið af opinberum aðilum.

4.4. Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Útgefandalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru á almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020 og reglugerð ESB 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins útgefandalýsingu þessa í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæmsem kveðið er á um í reglugerð ESB 2017/1129. Ekki ber að líta á staðfestingu Fjármálaeftirlits á útgefandalýsingu þessari sem stuðning við útgefandann.

4.5. Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefendalýsingar fyrir hönd útgefenda

Fyrir hönd útgefanda lýsa undirritaðir, formaður stjórnar Brims hf., og forstjóri Brims hf., því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefendalýsing þessi hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt gætu haft áhrif varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 24. maí 2022

F.h. Brims hf.

Kristján Þórarinn Davíðsson,
stjórnarformaður Brims hf.

Guðmundur Kristjánsson,
forstjóri Brims hf.